

46
23. júní

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 60, 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. málsgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Ef berklaveikur sjúklingur þarfnast, að dómi læknis, vistar á heilsuhæli eða sjúkrahúsi, og hann eða sá, sem framfærsluskyldan hvílir á, er svo efnnum búinn, að ætla má, að hann mundi líða mikið tjón á efnahag sínum eða jafnvel verða öreigi, ætti hann að standa straum af þeim kostnaði, er af slíkri vist leiðir, þá getur hann fengið ókeypis vist, lyf og læknishjálp (þar með taldar ljóslækningar) á heilsuhælum ríkisins og þeim sjúkrahúsum, sem samið hefir verið um að veita slíkum sjúklingum viðtöku.

4. málsgr. sömu greinar orðist svo:

Allur sá kostnaður, sem hér er talinn, greiðist úr ríkissjóði, en sérhvert sýslufélag og bæjarfélag greiði upp í hann gjald til ríkissjóðs, sem nemi 2 kr. fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu.

5. málsgr. sömu greinar orðist svo:

Ráðherra skal semja fyrirfram til hálfis eða heils árs í senn við þau sjúkrahús landsins, sem til þess teljast hæf að hýsa berklasjúklinga, um kostnað allan við dvöl og lækningu styrkhæfra berklasjúklinga. Nú hefir styrkhæfur berklasjúklingur verið, að læknisráði, vistaður um stundarsakir á sjúkrahúsi, sem ekki hefir verið samið við í þessu skyni, vegna þess að ekki hefir náðst til annars sjúkrahúss, og er þá ráðherra heimilt að greiða fyrir hann í samræmi við samninga um dvalarkostnað á tilsvarandi sjúkrahúsi.

2. gr.

15. gr. laganna falli burt, og breytist greinatalan samkvæmt því. Jafn-

framt skal niður falla allur áfallinn en ógreiddur berklavarnaskattur sjúkra-
samlaga.

46
23. júní

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Dorsteinn Briem.

L Ö G

47
23. júní

um

**lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annara, er lækningaleyfi hafa,
og um skottulækningar.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

I. Um lækningaleyfi.

1. gr.

Rétt til að stunda lækningar og kalla sig lækna hér á landi hafa þeir
einir, sem til þess hafa fengið leyfi ráðherra.

2. gr.

Þeir eiga rétt á ótalmörkuðu lækningaleyfi og að heita læknar, er lokið
hafa prófi við Háskóla Íslands og framhaldsnámi í sjúkrahúsi í fæðingar-
hjálp og öðru, eftir reglum, er læknadeild háskólans setur og ráðherra stað-
festir, eru islenskir ríkisborgarar og hafa ekki verið dæmdir til refsingar fyrir